



330. Stjórnarfundur haldinn 25. mars 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍSÍ v/ óska um upplýsingar um skráningarmál félagsins varðandi félagsmenn, iðkendur og keppendur. *Erindinu svarað.*

Bréf frá ÓM ráðgjöf v/ lokunar á íþróttahúsinu við Sunnubraut vegna framkvæmda.

Búið að senda öllum deildum þetta bréf í tölvupósti

Bréf frá ÍSÍ v/dvalar- og atvinnuleyfis íþróttamanna. *Framkvæmdastjóra falið að kanna með hvaða hætti þessi mál eru varðandi ábyrgðir.*

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar um 14 ULM 2011. *Ákveðið að sækja ekki um.*

3. Send bréf.

Svarbréf til ÍSÍ v/ bréfs um skráningarmál félagsins varðandi félagsmenn, iðkendur og keppendur.

4. 80 ára afmæli félagsins.

Rætt um verkefnastöðu á ritun sögu félagsins. Stjórnin sátt með stöðu á verkefninu fram að þessu. Ákveðið að halda sig við umsamið upplag, eittþúsund bækur, þar af eitthundrað með harðri kápu. Rætt um undirbúning afmælisdagskrár og að láta útbúa hluti í tilefni afmælisins svo sem könnur og fána og þess háttar sem merkt verður áttatíu ára afmæli félagsins. Stjórnarmenn beðnir að koma með hugmyndir hvað væri sniðugt að gera.

5. Félagsheimili Sunnubraut.

Rætt um félagsheimilið og stjórnarmenn mjög sáttir við fyrirliggjandi teikningar.

6.Íþrótt- og leikjaskóli.

Fimm umsækjendur eru um tvö störf. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá vali og ráðningu í stöðurnar. Launakjör og starfstími hafa verið kynnt umsækjendum.

7.Önnur mál.

Tilboð frá Bros og Fánasmiðjunni varðandi flaggfána lágu frammi. Tilboðin eru svipuð hvað verð skiptir. *Framkvæmdastjóra falið að ganga frá pöntun á eitthundrað fánum að stærð 100 x 150 og fimmtíu fánum að stærð 120 x 180.* EH sagði frá því að hann mun eiga fund með Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa RNB á næsta föstudag v/ 17. júní. Rætt um lán knattspyrnudeildar. *EH og PMK er falið að vinna að málinu og koma með tillögu.* Ákveðið að fara af stað með fundi með deildarstjórnnum félagsins fljótlega og hafa unglingaráðin með á þeim fundum.

Næsti fundur 7. apríl. 2009 kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10
Fundinn ritaði SG

